

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 73 15. maí 1963 um viðauka við  
reglugerð nr. 127 frá 1937, um skemmtanaskatt.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Dansleikir, sem unglingar frá 16 til 21 árs aldri eiga einir aðgang að, skulu undanþegnir öllum skemmtanaskatti, enda sé aðgangur seldur vægu verði og fullnægt öðrum skilyrðum, er lögreglustjóri telur rétt að setja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 58 12. maí 1970 um skemmtanaskatt, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 20. febrúar 1984.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Árni Gunnarsson.*

22. febrúar 1984

Nr. 129

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fryst-  
um hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar til  
31. maí 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar til 31. maí 1984:

|                                | U.S. \$ pr. lbs. cif. |
|--------------------------------|-----------------------|
| Lausfrystur hörpudisku .....   | 3,40                  |
| Blokkfrystur hörpudiskur ..... | 3,20                  |
| Rauður hörpudiskur .....       | 1,90                  |

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1984.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*